

Reykjavík 20.05.2024

Til: **Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík
nefndasvið@althingi.is**

Frá: **Fisfélagi Reykjavíkur
fisflug@fisflug.is**

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.**

Inngangur

Fisfélag Reykjavíkur vill nota þetta tækifæri til þess að koma fram umsögn þess í tengslum við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Fullur skylningur er á því að öflun orku er Íslandi mikilvæg enda ein af forsendum þess að gera landið byggilegt. Það þarf hinsvegar að tryggja að orkuframleiðsla valdi ekki öðrum hættu, geri land ónothæft sem þegar er notað í annað, skaði náttúru eða breyti svo ásýnd lands að áhrif hafi á upplifun fólks og ferðamanna. Í þessari umsögn verður einungis lagt mat á áhrif vindmylla á flug.

Félaginu er málið skylt að því leiti að í undirbúningi er uppsetning vindmyllugarða eða það sem kannski er betra að kalla vindorkuvirkjanir nánast í túnfætinum á starfsemi félagsins.

Þessar virkjanir munu hafa talsverð neikvæð áhrif á starfsemi félagsins sem og annarrar flugtengdrar starfsemi hjá Svifflugfélagi Íslands á Sandskeiði og flugstarfsemi á Tungubökkum í Mosfellsbæ, fyrir utan auðvitað Reykjavíkflugvöll.

Leynt og ljóst er stefnt að því að loka Reykjavíkflugvelli og hefur mikið verið rætt um að kennsluflug gæti verið stundað á Sandskeiði. Þessi krafa gerir ekkert annað en að auka mikilvægi þess flugsvæðis sem í dag hefur verið skilgreint þjálfunarsvæði fyrir flug eða Austursvæði. Það svæði nær frá Selvatni að Hengli og frá Grímnmansfelli að Sandskeiði. Það vill svo til að tvö fyrirtæki, Zephyr og Orkuveita Reykjavíkur hyggja á uppsetningu vindorkuvirkjana á sama svæði og þar með gera að engu mest notaða svæði á landinu til kennslu í flugi og almenningsflugs. Auk þess er svæðið mikilvægt fyrir að og fráflug frá Reykjavík.



Ljóst er að vindmyllur eins og gert er ráð fyrir bæði hjá Zephyr og Orkuveitu Reykjavíkur munu hafa mikil áhrif á allt flug um þetta mikilvæga svæði.

Allt flug um svæðið væri neytt til þess að fljúga hærra og yfir vindmyllurnar. Það hljómar eins og öfugmæli að flug skuli ekki vilja fljúga hærra en á því eru útskýringar. Á Austursvæði (skólastofunni) er algengt að ský séu það neðarlega að ekki væri hægt að fljúga yfir áætlaðar

vindmyllur. Mjög algengt er að ekki er hægt að fara yfir Hellisheiði vegna lágra skýja en þess í stað er hægt að fylgja Nesjavallavegi þar sem landslag er lægra en á Hellisheiði. Það er því fært þá leið eða Mosfellsdalinn. Þetta á ekki aðeins við kennsluflug heldur fara þyrlur Landhelgisgæslunnar um þetta svæði einnig þegar lágskýjað er. Það mætti ganga svo langt að segja að flug á minni vélum er ekki

mögulegt ef veður er þannig að ekki er hægt að fara yfir vindmyllurnar en hins vegar lítið mál að fljúga í sömu hæð og ætlaðar vindmyllur undir skýjum. Þessar aðstæður eru mjög algengar og myndi valda því að flug mynni flugvéla til og frá höfuðborgarsvæðinu í austurátt nær ómögulegt og jafnvel hættulegt.

Hjá Fisfélaginu eru flugípróttir stundaðar á vélfisum og svífvængjum. Þetta eru lítil og létt loffför, sem taka á sig alla ókyrrð í lofti og þar með áhrif frá stórum vindmyllum. Starfssemi félagsins er í jaðri áhrifasvæðis frá vindmyllum Zephyr og Orkuveitunnar þ.e. flugvöllurinn. Það er hins vegar ljóst að flug er ekki stundað á flugvellinum sjálfum heldur er farið þaðan inn á Austursvæði eða í gegnum Austursvæði. Mun minna er um að farið sé undir Esjuna og um Hvalfjörð og Borgarfjörð vegna áhrifa vinda á þeim svæðum. Flug svífvængja er stundað í Hafrafelli og Grímnsmansfelli en þau svæði eru einmitt á áhrifa svæði vindmylla Zephyr. Þar sem svífvængir eru mjög létt loffför er nokkuð ljóst að áhrif á þá verða talsverð og geta jafn vel komið í veg fyrir notkun svífvængja á þessu svæði.



Mynd 1; Austursvæði, kennslustofa alls flugs á Íslandi. Dökka svæðið, kennslusvæði og áætlaðar Vindorkuvirkjanir.

Umsögn um þingsályktunartillöguna sjálfa

Mjög mikilvægt er að í tillögunni verði kveðið fastar að orði með tillit til truflana sem vindorkuvirkjanir muni hafi á flugumferð og **flugöryggi** ásamt truflunum á fjarskipti og radar.

Tillagan í heild mætti vera strangari gagnvart hugsanlegum áhrifum á líf og störf fólks, náttúru og upplifun svæðis.

Virðingarfyllt f.h. Fisfélags Reykjavíkur

Jónas S Sverrisson, formaður